

SAMKOMULAG UM AFNOTARÉTT Í ÞJÓÐLENDU

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir hönd Skeiða - og Gnúpverjahrepps, kt. 540602-4410 og forsætisráðuneytið fyrir hönd forsætisráðherra, kt. 550169-1269 gera með sér svohljóðandi samkomulag um lóðarréttindi fyrir Hjálparfoss í þjóðlendunni „Landgræðslusvæði í Þjórsárdal“ í Skeiða–og Gnúpverjahreppi:

1. gr.

Með úrskurði óbyggðanefndar frá 21. mars 2002 í máli nr. 7/2000 var fjallað um mörk þjóðlendna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og sagði þar meðal annars:

Land innan eftirfarandi marka, þ.e. svokallað landgræðslusvæði Skógræktarinnar í Þjórsárdal, er þjóðlenda:

„Meðfram girðingu þeirri sem liggur úr kletti við Sandá norðan Háholtskógar norður fyrir Reykholt austan Rauðukamba inn með Fossá að Háafossi. Þaðan suður eftir Fossá og síðan Þjórsá þar til kemur að Sandvikinu fyrir vestan Kolviðarhól. Þaðan sjónhending í hellustein austan undir Dímon og síðan Sandá að framangreindri girðingu.

2. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. nr. 58/1998 þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu og séu afnot til lengri tíma en eins árs þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Þá þarf leyfi ráðherra fyrir notum á vatns- og jarðhitaréttindum, vindorku, námum og öðrum jarðefnum innan þjóðlendu nema mælt sé fyrir um annað í lögum sbr. 2. mgr. 3. gr.

Í 4. mgr. 3. gr. segir að ráðherra sé heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald (leigu) fyrir nýtingu réttinda sem hann heimilar skv. 2. mgr. 3. gr. og með sama hætti sé sveitarstjórn heimilt að fengu samþykki ráðherra að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar skv. 3. mgr. 3. gr.

Tekjum af leyfum til nýtingar lands skv. 2. mgr. 3. gr. skal varið til landbóta, umsjónar, eftirlits og sambærilegra verkefna innan þjóðlendna eftir nánari ákvörðun ráðherra og tekjum af leyfum sem sveitarstjórn veitir skv. 3. mgr. 3. gr. skal varið til hliðstæðra verkefna innan þjóðlendna samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Heimildir skv. 2. og 3. mgr. taka ekki til réttinda sem eru háð einkaeignarrétti eða fengin öðrum með lögum. Leiði afnot til skerðingar á eignarréttindum sem aðrir eiga í þjóðlendunni getur viðkomandi krafist bóta úr hendi leyfishafa.

3. gr.

Innan þjóðlendunnar „Landgræðslusvæði í Þjórsárdal“ hefur verið afmörkuð og stofnuð í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands 2200 fermetrar lóð sem ber heitið „Hjálparfoss salernishús“ með landnúmerinu xxxxxx og fastanúmer xxx-xxxx. Á lóðinni er bílplan, gönguleiðir og fyrirhuguð salernisaðstaða í eigu Skógræktarinnar eins og nánar er lýst í 4. gr. Hnit lóðarinnar í ISN93 eru:

Pkt.	x-hnit	y-hnit
g1	458392,54	401530,25
g2	458430,54	401530,25
g3	458430,54	401472,25
g4	458392,54	401472,25

Lóðin er innan marka gildandi deiliskipulags Skeiða–og Gnúpverjahrepps við Hjálparfoss.

Lega lóðarinnar kemur fram á uppdrætti sem fylgir samkomulagi þessu merkt sem fylgiskjal A.

4. gr.

Á lóðina verða sett eftirtalin mannvirki sem verða í eigu Skógræktarinnar

1. Salernishús sem tekið verður í notkun árið 2018.

Jafnframt verður á lóðinni rotþró.

Mannvirki sem eru á lóðinni eru merkt inn á uppdrátt á fylgiskjali A.

5. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur fer með umráð lóðarinnar og skuldbindur sig til þess að fara með eignina á þann hátt sem samrýmist viðteknum venjum um umgengni og í samræmi við lög og reglur sem við geta átt.

Almenningur skal eiga umferðarrétt um lóðina.

6. gr.

Sveitarfélagið ber allan kostnað af viðhaldi og umhirðu aðkomuvegar að lóðinni.

7. gr.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi er óheimilt að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við réttindum og skyldum samkvæmt gerningi þessum í heild eða hluta. Sveitarfélaginu er þó heimilt leigja tímabundið til þriðja aðila (rekstraraðila) lóðarréttindi skv. samkomulagi þessu með þeim afnotaréttindum sem í yfirlýsingu þessari felast.

8. gr.

Skjal þetta er undirritað í fjórum eintökum. Skeiða- og Gnúpverjahreppur lætur skrá yfirlýsingu þessa í fasteignaskrá og þinglýsir henni á eigin kostnað.

Árnes xxxxx

_____ f.h. Skeiða –og Gnúpverjahrepps

_____ forsætisráðuneytið fyrir hönd íslenska ríkisins
sbr. 2.-4. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998

Vottar að undirritun og rétttri dagsetningu:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

Fylgiskjal með yfirlýsingu þessari:

- A. Uppdráttur dags. 26.09.2017 sem sýnir mörk lóðar og staðsetningu mannvirkja unninn af Skógræktinni byggt á gögnum frá Steinsholt ehf.